

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278/1977, um Tækniskóla Íslands,
með áorðnum breytingum.

1. gr.

Aftan við 9. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Að fenginni rökstuddri tillögu námsbrautaneftnda heilbrigðisdeildar getur rektor, með samþykki skólanefndar, ákveðið að takmarka fjölda nemenda á námsbrautum heilbrigðisdeildar þegar séð er að ekki er unnt að veita öllum umsækjendum, sem uppfylla viðkomandi inntökuskilyrði, inngöngu eða námsbrautir heilbrigðisdeildar eiga þess ekki kost að veita nema takmörkuðum fjölda þá kennslu sem nauðsynleg er.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 5. janúar 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

15. janúar 1996

Nr. 44

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Búðahreppi árið 1996.

1. gr.

Hreppsnefnd Búðahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald 4.000 kr. á hvert sorpílát.

Sorpeyðingargjald 3.000 kr. á hvert sorpílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfísráðuneytinu, 15. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.